

REYKJAPRENT EHF.

Iðnaðarráðuneyti		
Málsnr.	IDN 2010066	Abm. ESG
D. lyk.	2.2.1	Aðrir.
Mott.	28.06.2012	Fskj.
Aths.		Trunm.

Reykjavík, 26. júní 2012

✓ Iðnaðarráðherra
Iðnaðarráðuneytinu
Arnarhváli við Lindargötu
150 Reykjavík

Umhverfissráðherra
Umhverfissráðuneytinu
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2
190 Vogum

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

**Efni: Kvörtun vegna vöntunar á
mati á þjóðhagslegri hagkvæmni framkvæmdar**

Hjálagt sendist yður til upplýsingar afrit af bréfi félagsins til Orkustofnunar dags. í dag varðandi ofangreint málefni.

Virðingarfyllst,
f.h. Reykjaprents ehf.,


Hörður Einarsson

REYKJAPRENT EHF.

Síðumúla 14 - 108 Reykjavík

Sími 588 1090 - Kennitala 700366-0149

REYKJAPRENT EHF.

Reykjavík, 26. júní 2012

Orkustofnun
Grensásvegi 9

108 REYKJAVÍK

Efni: Kvörtun vegna vöntunar á mati á þjóðhagslegri hagkvæmni framkvæmdar

Um nokkurra ára skeið hefur Landsnet hf. að frumkvæði móðurfyrirtækis síns Landsvirkjunar hf. undirbúið lagningu nýrra raforkulína um land Sveitarfélagsins Voga, þ. á m. um eignina Heiðarland Vogajarða (landnúmer 206748). Reykjavrent ehf. er meðal eigenda nefndrar fasteignar. Þessi fyrirhugaða framkvæmd er kynnt á sérstakri vefsíðu, sem Landsnet hf. hefur sett upp í þessu skyni, www.sudvesturlinur.is. Þann anga framkvæmdarinnar, sem snýr að landi Reykjavrents ehf., kallar Landsnet hf. „Suðurnesjalínu 2“.

(Á nefndri vefsíðu er ýmsan fróðleik að finna um verkefnið. Þess verður þó strax að geta, að þarna er fyrst og fremst um að ræða áróður fyrir verkefninu, en ekki þá hlutlægu kynningu, sem almenningur í landinu á kröfu á frá fyrirtæki, sem hefur lögverndaða einokun til starfsemi sinnar, sbr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Til dæmis er þar enga kynningu að finna á sjónarmiðum, sem andstæð eru sjónarmiðum Landsnets hf., heldur eingöngu kynningu á sjónarmiðum Landsnets hf. og Landsvirkjunar hf. í málinu).

Hin fyrirhugaða línuframkvæmd hefur farið í mat á umhverfisáhrifum, og hefur Skipulagsstofnun sleppt henni í gegnum það mat – þrátt fyrir að viðurkenna fjölmarga annmarka á framkvæmdinni að því er umhverfismál varðar – enda voru ekki aðrir kostir í boði á borði Skipulagsstofnunar. Einnig samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga með sérstöku samkomulagi við Landsnet hf. að heimila áform Landsnets um lagningu loftlína um land sveitarfélagsins í aðalskipulagi, að vissum skilyrðum uppfylltum. Sveitarfélagið hefur nú afturkallað það samþykki og vinnur að breytingum á aðalskipulagi, þar sem eingöngu verður gert ráð fyrir lagningu háspennulína í jörð í landi sveitarfélagsins.

Ekkert mat á *þjóðhagslegri hagkvæmni framkvæmdarinnar* hefur hins vegar farið fram. Er Landsnet hf. nú byrjað að sækja það fast að fá framkvæmdaleyfi, meðal annars leyfi fyrir tilstuðlan landeigenda, án þess að nokkurt mat fari fram á heildarhagkvæmni framkvæmdarinnar. Reykjavrent ehf. er í hópi þeirra landeigenda, sem telja línulögnina eins og Landsnet hf. vill framkvæma hana, þ.e. eingöngu með loftlínu innan sveitarfélagsins og í landi félagsins, stórlega skaða hagsmuni sína (langt umfram bótatilboð), sem og aðra almannahagsmuni, eins og möguleika annarra

REYKJAPRENT EHF.

Síðumúla 14 - 108 Reykjavík

Sími 588 1090 - Kennitala 700366-0149

atvinnuvega til starfsemi á svæðinu, svo sem ferðaþjónustu og útivistar, einkum vegna þeirrar miklu sjónmengunar, sem leiðir af hinni áformuðu framkvæmd, og húsbyggingariðnað af sömu ástæðu og vegna neikvæðra áhrifa hinna áformuðu loftlína á íbúðabyggð.

Í 1. gr. raforkulaga nr. 65/2003 segir, að það sé **markmið raforkulaga** „að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.“ Samkvæmt 2. gr. raforkulaga um gildissvið laganna taka þau „til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa.“ Taka löggin þannig ótvírætt til þeirrar framkvæmdar, sem um ræðir.

Samkvæmt þessum lagaákvæðum er það ljóst, að framkvæmd þeirri, sem hér um ræðir (raforkuflutningi), verður að haga þannig samkvæmt raforkulögum að hún sé *þjóðhagslega hagkvæm*. Til þessa hefur ekki verið sýnt fram á, að þetta skilyrði sé uppfyllt, og hafa meira að segja verið færð gild rök fyrir því, að hún sé *ekki þjóðhagslega hagkvæm* eins og hún er áformuð. Landsnet hf. virðist telja það nægja til þjóðhagslegrar hagkvæmni, að sá kostur, sem fyrirtækið mælir fyrir, sé ódýrastur fyrir fyrirtækið, en andmælendur þeirrar skoðunar telja aðra kosti þjóðhagslega hagkvæmari auk þess sem það sé engan veginn ljóst, að kostur Landsnets hf. sé endilega ódýrastur, þegar tillit er tekið til allra raunverulegra kostnaðarliða.

Hvað sem líður röksemdum aðilanna og hver sem endanleg niðurstaða kann að verða um þær, er eitt ljóst, og það er, að með framkvæmdinni ber að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi. Um það ber að ganga úr skugga áður en í framkvæmdina verður ráðizt, og ákvörðun um þjóðhagslega hagkvæmni getur ekki verið í höndum framkvæmdaraðilans, hver sem hann er. Niðurstaða um þjóðhagslega hagkvæmni verkefnisins verður ekki fengin nema með samanburði á þeim leiðum til raforkuflutningsins, sem til greina koma, kostum þeirra og göllum, sem eru einhverjir í öllum tilvikum. Niðurstaða um þjóðhagslega hagkvæmni fæst því ekki nema fram fari **mat á þjóðhagslegri hagkvæmni verkefnisins**. Landnet hf. hefur ekki hlutast til um það, að slíkt mat fari fram, en telja verður, að sú skylda hvíli á fyrirtækinu samkvæmt raforkulögum, en það er meðal þeirra aðila, sem ber skylda til að vinna að því, að markmið raforkulaga náist. Sú skylda hvílir jafnvel enn frekar á Orkustofnun sem eftirlitsaðila og þar með gæzlumanni almannahagsmuna, að markmið raforkulaga náist.

Með vísan til VII. kafla raforkulaga nr. 65/2003 er hér með kvartað yfir því til Orkustofnunar, að ekki hefur farið fram mat á þjóðhagslegri hagkvæmni þeirrar framkvæmdar, sem um ræðir í bréfi þessu – og þá sérstaklega, en ekki eingöngu, þeim hluta framkvæmarinnar, sem snertir Heiðarland Vogajarða. Gildir kvörtunin hvort sem Orkustofnun telur, að frumkvæðisskylda til matsins hvíli á Landsneti hf. eða á einhverjum öðrum aðila, svo sem á stofnuninni sjálfri vegna eftirlitshlutverks hennar.

Er því hér með beint til Orkustofnunar, að hún hlutist til um það, að nú þegar fari fram hlutlægt og málefnalegt mat á þjóðhagslegri hagkvæmni framkvæmdarinnar, eins og Landsvirkjun hefur kynnt hana til sögunnar með samanburði við aðra kosti, sem aðrir hagsmunaaðilar, landeigendur, sveitarfélag og almenningur, telja þjóðhagslega hagkvæma, svo sem með því að leggja línuna í sjó, leggja hana í jörð eða færa hana til í landinu, eins og sumir landeigendur hafa bent á sem kost. Hér verður ekki farið út í að skýra nánar eða ræða kost og löst á þeim leiðum, sem vöð er á við umræddan

raforkuflutning, enda hlýtur það að verða verkefnið, þegar kemur að matsgerðinni sjálfri og flutningi málsins fyrir matsmönnum. Hér er nægilegt að benda á það, að ekki liggur fyrir, að áform Landsnets hf. um framkvæmdina séu þjóðhagslega hagkvæm, enda hefur ekki farið fram neitt mat á því efni.

Þar sem ekki er kveðið á um það í raforkulögum með hvaða hætti umrætt mat skuli fara fram, hlýtur það að teljast eðlilegast, að til verkefnisins verði *dómkvaddir matsmenn*, sérfróðir á því sviði, sem um ræðir. Undirritaður aðili lýsir sig fúsan til samvinnu við Orkustofnun við ákvörðun um nánari tilhögun matsins og telur fullvíst, að aðrir aðilar málsins, svo sem aðrir landeigendur og Sveitarfélagið Vogar, verði einnig fúsir til samvinnu þar um, sem og vonandi Landsnet hf.

Telji Orkustofnun nánari skýringa þörf frá undirrituðum, er sjálfsagt að veita slíkar skýringar eftir því sem unnt er.

Undirritaður aðili hefur önnur kvörtunarefni fram að færa í sambandi við framangreinda framkvæmd og undirbúning hennar, en mun halda þeim aðskildum frá máli þessu og senda stofnunni sérstök bréf þar að lútandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Reykjaprents ehf.,


Hörður Einarsson

Afrit til upplýsingar um málið:

Iðnaðarráðherra.
Umhverfissráðherra.
Sveitarfélagið Vogar.
Landsnet hf.